

Umhverfisráðuneytið
Sigurður Þráinsson
deildarstjóri
Skuggasund 1
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 04. janúar 2011
2010100008/42-4-0
TB
jgo/tb

Tjón af völdum álfta og gæsa

Vísað er til bréfs frá umhverfisráðuneytinu, dags. 14. október sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um ályktun Búnaðarþings um tjón af völdum álfta og gæsa. Bændasamtókin leggja meðal annars til að veitt verði sérstök heimild í lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum til þess að skjóta álf og gæs í ræktarlöndum í því skyni að afstýra eða takmarka tjón sem þessar fuglategundir valda þar og að þessi heimild gildi allt árið. Beðist er velvirðingar á hve lengi hefur dregist að svara þessu erindi.

Eins og kemur fram í erindi Bændasamtaka Íslands er um ítrekun að ræða á fyrri erindum og ályktunum Búnaðarþinga. Náttúrufræðistofnun Íslands hefur áður svarað svipuðu erindi og vísar t.d. í meðfylgjandi bréf dags. 22. maí 2009 þar sem m.a. er komið inn á ályktun Búnaðarþings varðandi sama mál.

Náttúrufræðistofnun Íslands telur að ályktun Búnaðarþings geti með engum hætti verið grunnur að almennri heimild í lögum til að veita undanþágu til að skjóta álf og gæs allt árið í ræktarlöndum í því skyni **að afstýra** og takmarka tjón sem þessar fuglategundir geta valdið. Tillagan gerir ekki ráð fyrir neinu faglegu mati á veiðiboli fuglastofna né að sannanlega sé sýnt fram á tjón einstakra landeigenda. Tillagan mundi auk þess að óbreyttu setja það alfarið í hendur einstaka landeigenda að ákveða hvenær álfir og gæsir væru skotnar í ræktarlöndum án tillits til náttúruverndarsjónarmiða. Rétt er í þessu sambandi að benda á að slik opin heimild stríðir gegn samþykktum um vernd og veiðistjórnun villtra dýra í Bernarsamningnum sem Ísland er aðili að. Ótakmarkaður afnotaréttur á villtum dýrum bíður upp á ósjálfbæra nýtingu og misnotkun undir því yfirskyni að álfir og gæsir valdi tjóni. Þetta gæti m.a. annars birst sem hvati til sölu á veiðileyfum á varptíma. Tillagan bíður einnig upp á að landeigendur rækti t.d. korn til að geta viðhaldið heimild til að veiða allt árið.

Náttúrufræðistofnun Íslands tekur undir ályktanir frá Búnaðarþingum um að meta eigi með faglegum hætti tjón af völdum gæsa og álfta í ræktarlöndum og að bæta þurfí verulega



skilvirkni stjórnvalda. Árum saman hafa borist óskir um undanþágur til veiða á álfum og gæsum sem taldar er valda tjóni án þess að fram hafi farið faglegt mat á því hvort um slíkt tjón sé að ræða. Í ályktun Búnaðarþings frá 2010 er vísað í rannsóknir Borgars Páls Bragasonar um tjón af völdum álfta en endanlegar niðurstöður hafa ekki verið birtar. Um forsendur rannsóknarinnar er ekki fjallað né rannsóknaraðferðir, t.d. hvort þær eru unnar í samráði við fuglafræðinga.

Nútíma stjórnun á fuglastofnum á að byggja á góðum upplýsingum um stofnstærðir og í þessu tilfelli því tjóni sem villtir fuglastofnar eru taldir valda. Að heimila skotveiðar allt árið sem lausn sem líklegt er að sátt náist um út frá verndarsjónarmiðum er mjög ólíklegt.

Náttúrufræðistofnun hefur ítrekað vakið máls á því að bæta þurfi verklag og verkferla hvað þessi mál varðar. Samkvæmt síðustu mgr. 3. gr. laga nr. 64/1994 er það Umhverfisstofnun sem leiðbeinir um aðgerðir til þess að koma í veg fyrir tjón af völdum villtra dýra. Lítið hefur gerst hvað það varðar og þarf verulega að bæta ekki síst ef sýnt er fram á að tjón af völdum gæsa og álfta er að aukast. Skoða þarf mjög vandlega hvaða aðferðum á að beita, t.d. fæliaðferðum og hugsanlega mjög takmörkuðum skotveiðum til þess að koma á móts við þarfir þeirra landeigenda sem verða fyrir sannanlegu tjóni. Það er óviðunandi fyrir bændur að ekki sé tekið á þessum málum í samræmi við lög og að ekki sé hægt að afgreiða mál af þessu tagi vegna skorts á gögnum um meint tjón og að ekki hafi farið fram mat á árangri annarra aðgerða en skotveiða til að koma í veg fyrir meint tjón.

Niðurstaða

Miðað við þau gögn sem liggja fyrir í málinu getur Náttúrufræðistofnun Íslands ekki mælt með að veitt verði almenn undanþága til að veiða gæsir allt árið í ræktarlöndum. Stofnunin telur að það verði að fara fram faglegt mat á tjóni í hverju tilfelli og að sátt sé um þær aðgerðir sem hugsanlega verður beitt s.s. fælingaaðferðir og takmarkaðar „veiðar“ sem samræmast eðlilegri umgengni við dýrastofna s.s. með tilliti til stofnstærðar og árstíma.

Einnig vekur stofnunin athygli á því að ekki er víst að hægt sé að beita sömu aðferðum á álfum og gæsir, en álf er alfriðuð og benda má á að svanurinn er samnorraðent merki um umhverfisvernd-umhverfisvottun.

Fyrirbyggja verður að undanþágur til veiða séu nýttar fyrir almenna sportveiðimennsku og að skotveiðar verði heimilaðar á varptíma nema brýna nauðsyn beri til.

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar aðgerðir sem tengjast þessu máli verða að vera skipulagðar til margra ára. Gera þarf ráð fyrir samstilltu átaki og samvinnu landeigenda, vistfræðinga, búfræðinga og þeirra sem sjá um stjórn þessa málaflokks m.t.t. veiða og náttúruverndar. Ljóst er einnig að skoða verður með almennilegum hætti áður en ráðist er í samstillt átak/verkefni hvort þeir sem að því koma hafi til þess fjármuni og svigrúm án þess að það gangi út yfir aðra lögbundna starfsemi. Rétt er einnig að benda á að nú þegar er miklum fjármunum varið í ýmsa styrki til bænda og má vel hugsa sér að skoða þurfi fordómalaust með hvaða hætti best fari saman styrkveitingar, vernd og sjálfbær nýting þar sem m.a. sé tekið tillit til þess að hugsanlega þurfi að bæta fyrir sannanlegt tjón sem bændur geta orðið fyrir, ekki hugsanlegt tjón, ef þeir leggja til land vegna verndarhagsmunu umfram það sem eðlilegt getur talist miðað við gildandi lög í landinu. Það er ekki sjálfgefið að



almenningur beri kostnað af eða að lög heimili að eyða villtum dýrum sem njóta verndar vegna sérhagsmuna einstaklinga.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

Meðf: Bréf til umhverfisráðuneytisins dags. 22. maí 2009.

